

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
b.t. Sigríðar Svönu Helgadóttur  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. janúar 2022  
Tilvísun: 202201-0057  
SS  
elf/ss


**Efni: Sala á sumarbústaði númer 14 við Kjarvalströð í Snæfellsbæ.**

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 18. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi frá Þóroddi Skaptasyni fasteignasala vegna sölu á sumarbústað númer 14 við Kjarvalströð í Snæfellsbæ, fastanr. 229-5944. Í erindinu er óskað eftir því að ríkissjóður falli frá forkaupsrétti, en umrædd eign er innan svæðis 223 á náttúruminjaskrá.

Svæði 223 á náttúruminjaskrá er „Utanvert Snæfellsnes, Snæfellsbæ (áður Breiðuvíkurhr.), Snæfellsnessýslu. (1) Snæfellsnes vestan Fróðárheiðar utan ræktaðs lands og þéttbýlis. Á sunnanverðu nesinu markast svæðið til austurs af Búðaósi, vegi nr. 54 frá Búðum upp á Fróðárheiði. Á norðanverðu nesinu markast svæðið til austurs af vegi yfir Fróðárheiði og austurbakka Bugsvatna. (2) Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði.”

Umræddur sumarbústaður er staðsettur á Hellnum og er einn af fjórtán sumarbústöðum sem standa þétt saman við götuna Kjarvalströð. Lóð bústaðarins er lítil og er að öllu leyti á röskuðu og manngerðu svæði. Engar þekktar náttúruminjar eru á lóðinni eða næst henni. Verndargildi lóðarinnar sem sumarbústaðurinn stendur á er því metið mjög lágt þrátt fyrir staðsetningu innan svæðis á náttúruminjaskrá. Því eru engin rök vegna náttúruverndarsjónarmiða sem mæla gegn því að ríkið falli frá forkaupsrétti að sumarbústaðnum og lóð hans.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.

